

2. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 21. mars 2016 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

## Dagskrá

1. Vegalagning tengd Hvalárvíkjun, umsögn hreppsnefndar.
2. Erindi frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar.
3. Ráðstafanir/úrræði vegna vinnu á skrifstofu hreppsins.
4. Málþing um jafnrétti í sveitarfélögum haldið 31.mars 2016.
5. 30.landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 8.apríl 2016.
6. Framkvæmdir á húsnæði í eigu hreppsins, kaupfélagshúsi.
7. Fundur í verkefnanefnd vegna „Stefnumörkunar sveitarfélaga á Vestfjörðum“ fjarfundur 30.mars 2016.

1. Hreppsnefnd Árneshrepps ákvað á fundi sínum að samþykkja breytingar á aðalskipulagi Árneshrepps vegna vegalagningar tengda Hvalárvíkjun samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum frá VesturVerki ehf. Vegurinn liggur um jarðirnar Mela 1 og 2, Eyri, Ingólfsfjörð, Seljanes og Ófeigsfjörð. Árneshreppur og VesturVerk ehf verða í áframhaldandi samvinnu vegna þessara breytinga.
2. Bréf frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar vegna kaffihússins tekið fyrir. Ákeið var að vinna að því í samvinnu við rekstraraðilana að kaupa tvö rúm eða svefnsofa til að leysa vandamál vegna svefnaðstöðu fyrir starfsfólk. Læknisherbergi er í langtímaleigu og því ekki til ráðstöfunar. Ingólfur mun taka að sér að kanna hreinsun á loftræstikerfinu. Ákveðið var að veita heimild til kaupa á eldhúsahöldum fyrir 35.000 kr. Lagfæra þarf skilti á vegg hússins. Árneshreppur getur ekki orðið við þeirri bön að láta setja upp skilti við Steinstún og kaupa sjónvarp. Búið er að sækja um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna bóna um snyrtingu á plani.
3. Ráðstafanir/úrræði vegna vinnu á skrifstofu hreppsins. Sigrún Sverrisdóttir og Davíð Már Bjarnason munu sameiningu halda áfram vinnu á skrifstofunni í fæðingarorlofi sínu. Ingólfur mun leysa Evu af 1.-17. apríl.
4. Málþing um jafnrétti í sveitarfélögum haldið 31.mars 2016. Eva mun fara fyrir hönd Árneshrepps.
5. 30.landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 8.apríl 2016. Enginn fulltrúi fer frá Árneshreppi að þessu sinni.
6. Framkvæmdir á húsnæði í eigu hreppsins, kaupfélagshúsi. Skoða þarf hvað liggur nauðsynlega fyrir að gera í gömlu íbúð í Kaupfélagshúsi. Færa þarf skrifstofu hreppsins í innri skrifstofu og breyta núverandi hreppskrifstofu í herbergi fyrir neðri íbúð í nýrri hluta Kaupfélagshúss.
7. Fundur í verkefnanefnd vegna „Stefnumörkunar sveitarfélaga á Vestfjörðum“ fjarfundur 30.mars 2016. Eva mun taka þátt í þeim fundi.
8. Mál utan auglýstrar dagskrár tekið fyrir vegna lóðamála Guðjóns Ingólfssonar á Eyri. Hreppsnefnd samþykkir að stofna lóðina.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:40